Skógarvörðurinn á Norðurlandi:

# STARFSKÝRSLA FYRIR ÁRIÐ 1929.

Kristján Kristjánsson.

# Starfsskýrsla skógarvarðarins á Norðurlandi fyrir árið 1929.

## S k ó g a r h ö g g:

Í Vaglaskógi var höggvið og seldur viður á árinu:

| | |
|---|---|
| Til Reeykjavíkur | 24 hestb. |
| Seldur eldiviður | 8o " |
| Eldiviður skógarv. | 162 " |
| Leyft högg (eldiv.) | 153 " |
| Samt. | 419 hestb. |
| Í Sigríðarstaðaskógi: | |
| Leyft högg ( eldiv.) | 47 hestb. |

Árið 1929, var grisjað í Vaglaskógi það sem ógrisjað var neðan við götu, utan við Brandúsgróf, eins og ráðgert var í vor. En hve margir hestburðir það voru, er ekki hægt að segja neitt um, þar eð ekki var búið að draga nema lítið saman, þegar snjó lagði yfir allt, seint í september, sem aldrei leysti upp.Einnig var grisjað lítið eitt efst í skóginum, sunnan við Brandhúsgróf, og var sá eldiviður notaður til brenslu handa skógarverði

## G r æ ð i r e i t u r:

Afhent var úr reitnum:

| | | |
|---|---|---|
| Birki | 1925 stk. | |
| Reynir | 728 - | |
| Reynir | 3oo - | ( úr fræbeði ). |
| Ösp | 135 - | ( frá Garði ). |
| Ribs | 44 - | |
| Víðistikl. | 525 - | |
| Alls | 3657 stk. | |

## Ý m i s l e g t:

Í haust var safnað í skóginum 33.36o kg. af fræi, sem eftir að búið var þurka það og hreinsa var 22 kg og er það fræ geymt hér. Af fræi því sem til var um síðustu áramót var 5 kg. sáð hér í græðireitinn, en hitt var sent skógræktarstjóra.

Fræið sem hér var sáð spíraði illa.

Nokkrir steinsteypustaurar voru steyptir á árinu og þeim bætt í girðinguna. Eins var keyptur mjór vír og af honum sett þverstög í girðinguna á því svæði að ofan, sem ekki var búið áður.

Seint í fyrravetur var málað vesturherbergið uppi á loftinu. Og í sumar var gamla húsið málað utan og allir gluggar á húsinu.

Ferðir hefi ég farið: þrjár að Garði, tvær að Veigastöðum, eina að Laugum, eina að Fjósatungu, eina að Grund í Eyjafirði og eina til Akureyrar.

Vöglum 31. des. 1929.
Kristján Kristjánsson.